



Fjölbrautaskóli  
Suðurlands  
Haustönn 2023

## VINU3SH02

Undirbúningur fyrir starfsþjálfun í hestamennsku, seinni hluti

<b>Kennari:</b>	<b>Sissel Tveten, Áslaug Fjóla</b>	<b>Sk. st.</b>	<b>ST,</b>
<b>Netfang:</b>	<b>Guðmundsdóttir, Freyja Hilmarsdóttir</b>		<b>ÁFG,</b>
	<a href="mailto:sissel@fsu.is">sissel@fsu.is</a> , <a href="mailto:aslaug@fsu.is">aslaug@fsu.is</a>		<b>FH</b>

### Áfangalýsing:

Meginviðfangsefni áfangans er að undirbúa nemendur fyrir starfsþjálfunaráfangann VINH3SH10. Nemendum er kennt af fylla út vinnuskýrslur um unna verkþætti, fylla út gátlista um beitarástand lands og taminga- og þjálfunarástand hesta. Einnig er farið í gerð þjálfunaráætla og mikilvægi markmiðasetningar, ásamt gerð dagbókar. Farið er yfir fjölbreyttar tamingar- og þjálfunaraðferðir.

**Undanfari:** HEST2GP05, REIM2GP05, FÓHE1GR03, VINU2FH02

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu verkþáttum starfsnema á starfsnámsstað
- viðteknum starfsaðferðum og vinnulagi sem nýst getur í hestamennsku
- starfs- og ábyrgðarsviði starfsnema á starfsnámsstað
- hirðingu og fóðrun hrossa
- mismunandi vinnuaðferðum, nálgun við þjálfun hesta
- mati á andlegu og líkamlegu heilbrigði hrossa
- grunnþjálfun hesta, hringteymingum og vinnu við hönd
- markvissum vinnubrögðum
- helstu þjálfunaraðferðum
- kostum og göllum mismunandi vinnuaðferða
- mati á tamingu og þjálfunarstigi hrossa.
- mati á beitalandi fyrir hross.

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leggja rétt mat á einfaldar aðstæður og taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verklag á vinnustað.

### **Hæfniviðmið:**

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- fylgja leiðbeinandi verklagsreglum á vinnustað

### **Námsefni:**

Efni frá kennara

**Áfangann er kenndur utan töflu í nokkrum lotum. Nemendur og kennarar koma sér saman um nánari tímasetningar í upphaf annar.**

**Til þess að standast áfanganum er skilyrði um 100% mætingu.**

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**